

1949 nr. 26 3. maí**Lög um hvalveiðar**

Tóku gildi 10. maí 1949. *Breytt með:* L. 40/1979 (tóku gildi 1. júní 1979). L. 23/1991 (tóku gildi 17. apríl 1991). L. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 157/2012 (tóku gildi 3. jan. 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **matvælaráðherra** eða **matvælaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi [ráðuneytisins].¹⁾ [Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.]²⁾ Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar [Hafranssóknastofnunar].³⁾⁴⁾

□ . . . ²⁾

□ Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem [ráðuneytið]¹⁾ telur nauðsynlegar.

¹⁾ L. 126/2011, 24. gr. ²⁾ L. 23/1991, 5. gr. ³⁾ L. 157/2012, 1. gr. ⁴⁾ L. 40/1979, 1. gr.

■ 2. gr.

□ Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi [ráðherra].¹⁾ Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

¹⁾ L. 126/2011, 24. gr.

■ 3. gr.

□ Óheimilt er að veiða:

a. Hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja.

b. Tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því, sem [ráðuneytið]¹⁾ ákveður nánar í reglugerð²⁾ með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

¹⁾ L. 126/2011, 24. gr. ²⁾ Rg. 895/2023.

■ 4. gr.

□ Með reglugerð¹⁾ getur [ráðuneytið].²⁾

a. Bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum.

b. Takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs.

c. Takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar.

d. Takmarkað veiðibúnað.

e. Bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda.

f. Sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

¹⁾ Rg. 163/1973, sbr. 304/1983, 239/1984, 862/2006, 822/2007, 456/2008, 58/2009, 263/2009, 359/2009, 1116/2013, 263/2014, 186/2019 og 642/2023. Rg. 489/2009, sbr. 533/2018. Rg. 1035/2017. Rg. 895/2023. ²⁾ L. 126/2011, 24. gr.

■ 5. gr.

□ Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem [ráðuneytið]¹⁾ samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljóttist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

¹⁾ L. 126/2011, 24. gr.

■ 6. gr.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ setur reglur²⁾ um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

□ Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

¹⁾ L. 126/2011, 24. gr. ²⁾ Rg. 895/2023.

■ 7. gr.

□ Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

■ 8. gr.

□ [Ráðuneytið]¹⁾ getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

¹⁾ L. 126/2011, 24. gr.

■ 9. gr.

□ Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

□ Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

■ 10. gr.

□ [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2.000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

□ Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

□ Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

□ [Kyrrsetja skal]¹⁾ skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild, . . . ¹⁾ fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

□ Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.²⁾

¹⁾ L. 92/1991, 27. gr. ²⁾ L. 40/1979, 2. gr.